

Nefndasvið Alþingis  
efnahags- og viðskiptanefnd  
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 7. maí 2020.

Umsögn Even Labs um „frumvarp til laga um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru“, á þingskjali 1254 - 725. mál.

### Ívilnun til eldri fyrirtækja á kostnað ungra fyrirtækja skekkir samkeppnisstöðu

Á hverjum tíma eru fyrirtæki á ýmsum stað lífsferli (e. business life cycle) sínum. Á hverjum degi stofna t.d. framtakssamir og bjartsýnir einstaklingar ný fyrirtæki. Fyrirtæki sem skapa ný störf og greiða skatta. Þessi fyrirtæki skipta máli, ekki síst þegar atvinnuleysi er mikið og halli er mikill á ríkissjóði.

Undirritaðir eru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Even Labs, sem við skilgreinum sem *high tech startup* í *health care*.

Frumkvöðlar leggja oft á sig marga mánuði eða ár án þess að þiggja laun frá félaginu í þeirri von að rekstrartekjur dugi fyrir öllum rekstrargjöldum, svo sem launum. Í tilfalli Even Labs er 2 ára vinna að baki og háar fjárhæðir í eigin fé. Félagið hóf formlega starfsemi 1. nóvember 2019 og jukust tekjurnar hratt á milli mánaða, þannig að 1. apríl sl. hefði félagið geta greitt laun í fyrsta sinn. Hægt er að sýna fram á það með gögnum úr bókhaldi, posa og sjóðsuppgjörum í banka.

En skv. staðfestingu frá Heilbrigðisráðuneytinu var okkur gert að loka starfseminni vegna samkomubanns.

Samkeppnisaðilar okkar, sem eru búnir að vera lengur á markaðnum, geta allt í senn sett starfsfólk sitt í hlutabótaleiðina, fengið lokunarstyrk og stuðningslán til að keppa við hið unga félag, sem hefði getað greitt laun í fyrsta skipti þann 1. apríl hefði ekki þurft að loka.

Á sama tíma og stjórnvöld vilja styrkja alla nýsköpun, virðist sú leið samt farin að hygla eldri fyrirtækjum á kostnað nýsköpunarfyrirtækja. Ungu fyrirtækið þarf að greiða leigu og annan rekstrarkostnað þrátt fyrir að hafa verið gert að loka og stofnendurnir, sem jafnframt eru starfsmenn, þurfa að leita leiða til að framfleyta sér. Að óbreyttu mun Even Labs á næstu árum þurfa að greiða hærri skatta vegna þeirra styrkja sem samkeppnisaðilar okkar fengu og auðvitað skuldirnar sem söfnuðust upp á tímabilinu hjá okkur en ekki samkeppnisaðilunum.

Þegar fagna ætti allri nýsköpun og framtaki duglegra, heiðarlegra og ábyrgra einstaklinga, þá senda stjórnvöld röng skilaboð til þessa mikilvæga hóps. Skilaboðin eru að refska skuli sérstaklega nýsköpun og framtakssemi.

Það eru slæm skilaboð.

Við leggjum því til að ung fyrirtæki sem geta sýnt fram á tjón vegna lokunar á starfsemi sinni, eigi jafnframt rétt á lokunarstyrkjum og stuðningslánum, líkt og samkeppnisaðilar þeirra.

Virðingarfyllst, f.h. Even Labs

